

Lög

um breytingu á ýmsum lögum vegna sammings um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu.

I. KAFLI

Utanríkisráðuneyti.

Lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

8. samning um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. meginmál sammingsins og viðauka, sem áritaður var í Brussel 14. maí 2007.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

1. mgr. 2. gr. sammingsins, sem vísað er til í 8. tölul. 1. gr., um aðild nýrra sammingsaðila að Evrópska efnahagssvæðinu, skal hafa lagagildi hér á landi.

Þau ákvæði sammingsins, sem vísað er til í 7. mgr., eru prentuð sem fylgiskjal VII með lögum þessum.

II. KAFLI

Félagsmálaráðuneyti.

Lög um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, ásamt síðari breytingum, taka þó ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu fyrr en 1. janúar 2009. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara skv. 10. og 11. gr. sömu reglugerðar.

Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði a-liðar 14. gr. tekur þó ekki gildi að því er varðar rétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu til að starfa hér á landi fyrir en 1. janúar 2009, sbr. þó 36. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.

III. KAFLI

Dómsmálaráðuneyti.

Lög um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

5. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Ákvæði a-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna tekur ekki gildi fyrir ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu fyrir en 1. janúar 2009. Þá taka ákvæði 1. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES- eða EFTA-útlendingis til dvalar án sérstaks leyfis í sex mánuði ef hann er í atvinnuleit og ákvæði 4. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES- eða EFTA-útlendingis til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins ekki gildi fyrir ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu fyrir en 1. janúar 2009.

IV. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal VII með lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum.

1. MGR. 2. GR. AÐILDARSAMNINGS EES

2. gr.

1. BREYTINGAR Á MEGINMÁLI EES-SAMNINGSINS

a) Inngangsorð:

Í stað skrár um sammingsaðila komi eftirfarandi:

„EVROPUBANDALAGIÐ,
KONUNGRÍKIÐ BELGÍA,
LÝÐVELDIÐ BÚLGARÍA,
LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,
KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ EISTLAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,

LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
 LÝÐVELDIÐ KÝPUR,
 LÝÐVELDIÐ LETTLAND,
 LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,
 STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
 LÝÐVELDIÐ UNGVERJALAND,
 LÝÐVELDIÐ MALTA,
 KONUNGRÍKIÐ HOLLAND,
 LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
 LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,
 LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
 RÚMENÍA,
 LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,
 LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,
 LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
 KONUNGRÍKIÐ SVÍÐJÓÐ,
 HIÐ SAMEINADA KONUNGRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-
 ÍRLANDS,
 OG
 ÍSLAND,
 FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
 KONUNGRÍKIÐ NÖREGUR,“.

- b) 2. gr.:
- i) Í b-lið falli niður orðið „Lýðveldið“.
 - ii) Eftirfarandi bætist við á eftir d-lið:
 - „e) hugtakið „aðildarlögin frá 25. apríl 2005“ lög um aðildarskilmála Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu og aðlögun sáttmálanna sem mynda grundvöll Evrópusambandsins, sem voru samþykkt í Lúxemborg 25. apríl 2005.
 - f) hugtakið „aðildarbókunin frá 25. apríl 2005“ bókun um skilyrði og tilhögun aðildar Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu, sem var samþykkt í Lúxemborg 25. apríl 2005.“.
- c) 117. gr.:
- Í stað texta 117. gr. komi eftirfarandi:
 „Ákvæði um fjármagnskerfin er að finna í bókun 38, bókun 38a og viðauka við bókun 38a.“;
- d) 126. gr.:
- Í 1. mgr. falli niður orðið „Lýðveldið“.
- e) 129. gr.:
- i) Í stað annarrar undirgreinar 1. málsgreinar komi eftirfarandi:
 „Vegna stækkana Evrópska efnahagssvæðisins telst texti samnings þessa jafngildur á búlgörsku, eistnesku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, rúmensku, slóvensku, slóvösku, tékknesku og ungersku.“.
 - ii) Í stað þriðju undirgreinar 1. málsgreinar komi eftirfarandi:
 „Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á búlgörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, lettnesku, litháísku,

maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, slóvösku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungersku og þýsku eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og skulu með tilliti til jafngildingar þýddir á íslensku og norsku og birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.“

Samþykkt á Alþingi 13. júní 2007.